

**463. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 21. janúar 2014
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður og Indriði Indriðason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Oddviti lýsti fundinn lögmætan.

Dagskrá:

- 1. 1401028 - Fundargerð heilbrigðisnefndar 13. desember 2013**
Til kynningar.
- 2. 1312040 - 85. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða.**
Til kynningar.
- 3. 1312041 - 86. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða**
Til kynningar.
- 4. 1312042 - 87. fundur stjórnar Náttúrustofa Vestfjarða**
Til kynningar.
- 5. 1401037 - 134. fundur skólanefndar MÍ frá 16. desember 2013.**
Til kynningar.
- 6. 1401035 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssamband Vestfirðinga. frá 10. jan. 2014.**
Til kynningar.
- 7. 1307029 - Verkfundargerð, Gamla bryggja þekja og lagnir. fundargerð frá 19 júní 2013.**
Til kynningar.
- 8. 1401044 - Fundargerð 811. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. frá 18 des. 2013.**

Til kynningar.

9. 1312003F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 48

Liður 1. á dagskrá á fundargerð byggingarnefndar.
1312017-Umsókn um framlengingu stöðuleyfis.
Erindi frá Dýrfisk ehf, í erindinu er óskað eftir framlengingu stöðuleyfis fyrir fiskeldisker í Norður-botni meðan unnið er að skipulagsmálum á svæðinu.

Sveitarstjórn samþykkir að framlengja stöðuleyfi fyrir eldiskerjum um 12 mánuði. Stöðuleyfi tekur gildi við greiðslu á stöðuleyfisgjaldi.
Samþykkt samhljóða.

Liður 2. á dagskrá fundargerðar byggingarnefndar.
1311090-Umsókn um stöðuleyfi fyrir vinnuskúr.
Erindi frá Dýrfisk ehf, í erindinu er sótt um stöðuleyfi fyrir vinnuskúr sem staðsetja á við SV-horn núverandi eldisstöðvar í Norðurbotni. Erindinu fylgir afstöðumynd, mynd af vinnuskúr og afstöðumynd rótþróar.

Sveitarstjórn samþykkir veitingu stöðuleyfis í 12 mánuði og felur byggingarfulltrúa að gefa út stöðuleyfi. Stöðuleyfi tekur gildi við greiðslu á stöðuleyfisgjaldi.
Samþykkt samhljóða.

Liður 3. á dagskrá fundargerðar byggingarnefndar.
1312063- Umsókn um byggingarleyfi fyrir bogahýsi að Gileyri.
Erindi frá Bæjarvík ehf. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir 40,9 m² bogahýsi sem staðsetja á við seyðaelisstöð Bæjarvíkur að Gileyri.
Erindinu fylgir grunnmynd, útlit og afstöðumynd unnið af teiknistofu A.V.J. dags. 08.12.13.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæð meðmæli Skipulagsstofnunar og felur skipulagsfulltrúa kalla eftir meðmælunum skv. 1.tl. 57.gr skipulagslaga nr.123/2010. Sveitarstjórn áréttar við framkvæmdaraðila að tilkynna inn byggingarstjóra yfir verkinu. Sveitarstjórn hvetur einnig framkvæmdaraðila að huga að gerð deiliskipulags fyrir svæðið.
Samþykkt samhljóða.

Liður 4. á dagskrá fundargerðar byggingarnefndar.
1312069
Erindi frá Bæjarvík ehf. Í erindinu er sótt um stöðuleyfi fyrir 3 gámum. Gámar þessir eru ætlaðir undir rafmagnstöflur og heimtaug annarsvegar og súrefnisframleiðsluvél og loftpressur hinsvegar. Erindinu fylgir grunnmynd, útlit og afstöðumynd unnið af teiknistofu A.V.J. dags. 08.12.13.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út stöðuleyfi til 12 mánaða. Einnig hvetur sveitarstjórn framkvæmdaraðila að huga að gerð deiliskipulags fyrir svæðið.
Samþykkt samhljóða.

10. 1401023 - Beiðni um heimild til afskriftar.

Fært í trúnaðarmálabók.

11. 1311016 - Samingur um veghald á þjóðvegum innan þéttbýlismarkna

Sveitarstjórn samþykkir framlagðann samning og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.
Samþykkt samhljóða.

12. 1312039 - Umsóknnum styrk vegna útgáfu árbókar Barðastrandasýslu 2013

Sveitarstjórn samþykkir að greiða Sögufélagi V.- Barðastrandasýslu 60. þús kr. í styrk vegna útgáfu árbókar Barðastrandasýslu.
Gert var ráð fyrir kostnaði vegna þessa máls í fjárhagsáætlun.

13. 1401038 - Erindi frá Gylfa Arnbjörnssyni, forseta ASÍ. dags. 13. jan. 2014.

Sveitarstjóra falið að svara bréfitara.
Samþykkt samhljóða.

14. 1401039 - Erindi frá Orkubúi Vestfjarða. dags 13. jan.2014.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
Samþykkt samhljóða.

15. 1401040 - Tækifæri í ferðapjónustu, skýrsla unnin af Gústaf Gústafsyni fyrir NASF. Jan 2014.

Sveitarstjórn vill þakka skýrsluhöfundi ágæta greiningu á ferðapjónustu á Vestfjörðum. Sveitarstjórn tekur undir með skýrsluhöfundi um mikilvægi þess að byggja þurfi upp heilsársveg á sunnanverðum Vestfjörðum og Ströndum og áhyggjur hans af fjarskiptum og rafmagnsöryggi.
Sveitarstjórn vill þó taka fram að ljóður er á skýrslunni því hún er unnin fyrir ákveðin hagsmunahóp, NASF, sem berst fyrir verndun villtra laxa, því verður umræða í kjölfar skýrslunnar um uppbyggingu sjókvíaeldis á Vestfjörðum nokkuð lituð af þeim hagsmunum. Sveitarstjórn telur að uppbygging í ferðapjónustu á Vestfjörðum og sjókvíaeldi fari vel saman, enda er unnið að uppbyggingu sjókvíaeldis í samræmi við lög og reglur þess efnis og fyrirtækin í sjókvíaeldi hafa að eigin frumkvæði lagt töluverða áherslu og hafa beinan hag af því að hafa umhverfissjónarmið í öndvegi með sjálbærni atvinnugreinarinnar að leiðarljósi. Einnig vill sveitarstjórn benda á að nú þegar starfa u.þ.b 100 manns við fiskeldi og er þá ótalinn fjöldi afleiddra starfa á hinum ýmsum sviðum.

16. 1401043 - Samþykkt um byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd.

Samþykkt um byggingar-, skipulags og umhverfisnefnd er vísað til seinni umræðu sveitarstjórnar þann 18. febrúar n.k.
Samþykkt samhljóða.

17. 1310014 - Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps.

Í nýjum samþykktum um stjórn Tálknafjarðarhrepps hafa verið gerðar breytingar á nefndum og hafa nefndir verið sameinaðar.

Atvinnu- og hafnarnefnd.

Aðalmenn: Björgvin Smári Haraldsson, Jóna Sigursveinsdóttir og Björgvin Sigurjónsson.

Varmenn: Marion G. Worthmann Kristín Magnúsdóttir Bjarni Magnússon. Sveitarstjóra er falið að búa til erindibréf og boða til fyrsta fundar hjá Atvinnu- og hafnarnefnd.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd, er óbreytt frá fyrri skipan en hana skipa:

Aðalmenn: Guðlaug Björgvinsdóttir, Aðalsteinn Magnússon og Sigurvin Hreiðarsson.

Varamenn: Ásgeir Jónsson, Marion G. Worthmann og Guðmundur Sæmundsson.

Húsnæðisnefnd: Sveitarstjórn fer með hlutverk húsnæðisnefndar.

Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefnd. er óbreytt frá fyrri skipan en hana skipa:

Aðalmenn: Guðlaug S. Björnsdóttir, Birna Benediktsdóttir og Krístrún Guðjónsdóttir.

Varamenn: Aðalsteinn Magnússon, Eygló Hreiðarsdóttir og Katrín Ósk Pétursdóttir.

Fjallskilanefnd er sameiginleg með Vesturbyggð en hana skipa: Lilja Magnúsdóttir, Guðjón Bjarnason og María Friðgerður Bjarnadóttir.

Samþykkt samhljóða.

18. 1312029 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu verkefna.

19. 1401032 - Breytingar hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Til kynningar.

20. 1401031 - Vatnsveita Tálknafjarðar - sýni tekið 22. nóvember.

Til kynningar.

21. 1401030 - Skipulagsfulltrúar sem skráðir eru hjá Skipulagsstofnun í desember 2013.

Til kynningar.

22. 1401029 - Endurvigtunarleyfi - Þórsberg ehf.

Til kynningar.

23. 1312059 - Samþykkt frá 48. sambandsþingi Ungmennafélags Íslands.

Til kynningar.

24. 1401036 - Umhverfissvottun, áfanga vottun frá EarthCheck.

Til kynningar

25. 1301033 - Umsókn um sjálfstætt starfandi skóla skv. 43.gr. og til vara þróunarskóla skv.44.gr grunnskólalaga nr. 91/2008.

Til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:51.
